

		Fluttar 2233 kr.
28 31. jan.	62. Margrjet Jónsdóttir frá Saurbø (annar styrkur » kr.) . . . . .	— » —
	63. Kristín Ranveig Tómasdóttir frá Saurbø (annar styrkur 116 kr.) . . . . .	— » —
	64. Kristiana Pálsdóttir frá Möðruvallakl. (annar styrkur 150 kr. 23 a.) . . . . .	— 20 —
	65. Guðrún Sigurðardóttir frá Tjörn (annar styrkur 170 kr.) . . . . .	— 50 —
	66. Málfríður Jónsdóttir frá Upsum (annar styrkur 100 kr.) . . . . .	— 70 —
	67. Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddsstað (annar styrkur 50 kr.) . . . . .	— » —
	68. Guðrún Jónasdóttir frá Höfða (annar styrkur 120 kr.) . . . . .	— 50 —
	69. Helga Kristjánsdóttir frá Grenjaðarstað (annar styrkur 250 kr.) . . . . .	— » —
	70. Valgerður Þorsteinsdóttir frá Lundarbrekku (annar styrkur 30 kr.) . . . . .	— 25 —
	71. Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík (annar styrkur » kr.) . . . . .	— 20 —
	72. Guðrún Stefánsdóttir frá Hólum (annar styrkur 32 kr.) . . . . .	— 32 —
	Samtals	2500 —

Af uppgjafaprestunum var hinn elzti 85 ára, 2 aðrir komnir yfir áttrett, 6 yfir sjötugt, 4 yfir sextugt, einn 51 ára, annar 45 ára. Af prestaekkjunum var hin elzta 88 ára, 4 aðrar voru komnar yfir áttrett, 17 yfir sjötugt, 20 yfir sextugt, hinar yngri (ein 25 ára). Á börn prestaekknanna er ekki minnt í tillögunum.

**29**  
2. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um lán til að byggja steinhús á prestssetri.* — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 16. okt. f. á. veitist hjer með Bjarnanessprestakalli í Austur-Skaptafellssýslu 2000 kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að byggja steinhús á prestssetrinu í stað bæjarhúsanna þar, sem þegar eru komin að hrúni. Lán þetta er veitt með þeim skilmálum, að það endurborgist á 20 árum með 100 kr. árlega af tekjum prestakallsins, fyrsta sinn árið 1881, og að af þeim hluta höfuðstólsins, sem í hvert skipti er ógreiddur, borgist 4% ársvextir frá þeim degi, er lánið er tekið, þangað til það er að fullu endurborgað.

Þetta er hjer með tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtningar fyrir hlutaðeiganda.

**30**  
3. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um árgjald af 2 prestaköllum.* — Frá fardögum 1875 var Skálholtssókn um stundar sakir lögð frá Torfastaðaprestakalli til Ólafsvalla, og Úthlíðarsókn, er fyrr fylgdi Miðdals prestakalli, aptur í staðinn lögð til Torfastaðaprestakalls, en þar eð Úthlíðarsókn var rýrari að tekjum en Skálholtssókn, rýrnaði Torfastaðabrauð að sama skapi við sókna skipti þessi. Fyrir þessa sök hafa stiptyfirvöldin í heiðruðu brjefi frá 26. f. m. lagt það til, að hinum árlegu gjöldum til aðstoðar fátökum uppgjafaprestum og prestaekkjum, sem eptir tilskipun 15. desember 1865, 7. gr. skal greiða af tjeðum prestaköllum, og sem samkvæmt brauðamatinu frá 1868 bar að greiða af Torfastaðaprestakalli með . . . . . 8 kr. 83 a. og af Ólafsvallaprestakalli með . . . . . 3 — 91-  
alls 12 — 74-

megi jafna niður á þessi prestaköll, svo að gjöldin standi í hlutfalli við núverandi tekjur brauða þessara. Í þessu tilliti hafa stiptyfirvöldin tekið það fram, að þar sem ekki sje fyrir hendi neitt sundurliðað mat yfir tekjurnar af Skálholts og Úthlíðarsóknum fyrir árin 1862—1867, og það þess vegna sje ekki auðið að ákveða með fullri nákvæmni árgjald-